

AUGLÝSING

um deiliskipulag Hengifoss, Fljótsdalshreppi.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps samþykkti deiliskipulag fyrir Hengifossvæðið 11. ágúst 2015. Deiliskipulagt svæði er í landi jarðanna Mela og Hjarðabóls. Deiliskipulagið felur í sér að svæðið er útfært til móttöku ferðamanna. Gert er ráð fyrir upplýsinga- og þjónustuskála og bílastæðum. Skilgreindir eru göngustígar með gljúfrinu og gert ráð fyrir göngubrú, upplýsingaskiltum og hvíldarbekkjum á svæðinu. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Végarði, 3. desember 2015.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir oddviti.

B-deild – Útgáfud.: 17. desember 2015